

**Fjármála- og
efnahagsráðuneytið**

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneyti**
Dagsetning: **16.05.2014**
Málsnúmer: **FJR14010134**
Bréfalykill: **3.5**

Efni: Frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana

Ráðuneytið móttók þann 15. maí sl. eftirfarandi beiðni frá ritara efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.:

„Fyrir hönd framsögumanns málsins, Frosta Sigurjónssonar, formanns efnahags- og viðskiptanefndar, óska ég eftir því að ráðuneytið útbúi og sendi nefndinni minnisblað þar sem fjallað verði um hvort ákvæði frumvarpsins mismuni mönnum eftir því hvort þeir eru búsettir hér á landi eða erlendis.

Nefndarmönnum hafa borist erindi frá mönnum sem eru ekki skattskyldir hér á landi en áttu hér fasteign á tímabilinu 1. janúar 2008 - 31. desember 2009. Líklegt er að þessir aðila uppfylli skilyrði frumvarpsins um leiðréttingu enda voru þeir á þessum tíma skuldarar verðtryggðra fasteignaveðlana en seldu íbúðarhúsnæði sitt árið 2010 eða síðar og fluttu t.d. til Noregs í atvinnuleit. Skilningur framsögumanns er aðeins þeir sem eru skattskyldir hér á landi muni hafa tök á að nýta persónuafslátt skv. 12. gr.“

Í frumvarpi til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana felst heimild til fjármála- og efnahagsráðherra til að semja við fjármálafyrirtæki um ákvæðna ívilnandi aðgerð til handa þeim heimilum sem voru með verðtryggð húsnæðislán á árunum 2008 til 2009. Skilyrði er að sótt sé um slíka leiðréttingu fyrir 1. september 2014.

Sú aðferðafræði sem gengið er út frá í frumvarpinu er að fram fari útreikningur á „leiðréttingarrétti“ hvers og eins einstaklings vegna árána 2008 til 2009. Frá þannig reiknaðri leiðréttingu skal draga áður fengin úrræði sem veitt voru fyrir atbeina stjórnvalda. Sá réttur (inneign) sem þá stendur eftir er hægt að nýta með tvennum hætti. Hjá þeim einstaklingum sem eru með fasteignalán hér á landi nýtist rétturinn sem niðurfærsla á höfuðstól en hjá þeim einstaklingum sem ekki eru með slík lán myndast réttur til sérstaks persónuafsláttar.

Sérstaki persónuafslátturinn kemur sem viðbót við almennan persónuafslátt og nýtist þeim einstaklingum sem hafa skattskyldar tekjur á Íslandi næstu fjögur árin. Hann nýtist einnig þeim einstaklingum sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að uppfylltum skilyrðum 70. gr. A sömu laga sem fjallar um skattlagningu einstaklinga með búsetu erlendis sem afla meiri hluta tekna sinna hér á landi. Samkvæmt ákvæðinu geta þessir einstaklingar átt rétt á öllum þeim réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir samkvæmt lögum um tekjuskatt og öðrum lögum um opinber gjöld, enda sýni þeir fram á að skattskyldar tekjur þeirra erlendis nemi ekki meira en fjórðungi heildartekna þeirra á tekjuárinu. Jafnframt veitir ákvæðið heimild til samsköttunar hjóna í þeim tilvikum þegar í það minnsta níutíu hundraðshlutar samanlagðra tekna þeirra eru upprunnar frá Íslandi og sé annað hjónanna tekjulítið eða tekjulaust skapast með þessu réttur þess einstaklings til persónuafsláttar á Íslandi sem hitt hjónanna getur nýtt í samræmi við ákvæði laganna. Í reynd má því segja að í frumvarpinu felist sú mismunun að þeir einstaklingar sem skulda ekki fasteignalán og hafa litlar sem engar skattskyldar tekjur á Íslandi á næstu fjórum árum, njóti ekki

góðs af aðgerðinni.

Úrlausnarefnið er því í reynd hvort sú mismunun sem nefnd er hér að framan brjóti gegn lögum eða samningsskuldbindingum íslenska ríkisins. Að mati ráðuneytisins brýtur mismununin ekki gegn íslenskum lögum vegna þess að gengið er út frá þeirri meginreglu að allir einstaklingar í sömu aðstöðu njóta sambærilegra réttinda. Hvað samningsskuldbindingar íslenska ríkisins varðar þá er það einkum EES samningurinn sem horfa ber til í þessu samhengi og meginreglna hans um fjórfrelsið svokallaða, þ.e. frjálst flæði fólks, fjármagns, þjónustu og vöru. Ákvæði EES samningsins um fjórfrelsið hafa verið túlkuð með þeim hætti að heimilt sé að mismuna aðilum á grundvelli heimilisfesti þeirra þegar kemur að því að veita aðilum skattviltanir enda sé ekki hægt að líta svo á að einstaklingar sem eru heimilisfastir í ríki A og B séu í sambærilegri stöðu. Er þessi túlkun byggð á því sjónarmiði að það sé grundvallarréttur sjálfstæðra ríkja að ákveða með hvaða hætti þau skattleggja þegna sína, þ.e. þá aðila sem eru heimilisfastir í viðkomandi ríki. Að sama skapi hafa ríki fullt ákvörðunarvald um það að hvaða marki þau veita heimilisföstum aðilum skattviltanir.